

Þema 5. bekkur 2021-2022

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Þema er blanda af náttúrufræði og samfélagsfræði og verður lotukennt þ.e.a.s. með áherslu á annaðhvort náttúrufræði eða samfélagsfræði.

Kennt verður með fjölbreyttum hætti eftir mismunandi þemum. Sem dæmi má taka vendikennslu, fyrirlestra, leitarnám samvinnunám og umræðum. Verkefni geta einnig verið unnin í samþættingu við list- og verkgreinar.

Seinfærir nemendur fá aðstoð í samráði við sérkennara og þroskaþjálfara og fundin leið eftir því hvað hentar hverju sinni.

Bráðgerir nemendur fá meira krefjandi verkefni bæði í samráði við þá sjálfa og við foreldra.

Námsáætlun

Tímabil	Þema	Viðfangsefni	Hæfniviðmið
ágúst – nóvember	Landið okkar	Ísland hér búum við. Veðrið, jarðmyndun og náttúruferlar. Kortalæsi	- Nota kort og gröf til þess að afla sér upplýsinga. - Útskýrt hvernig Ísland byggist upp, hvernig landslag þess og jarðvegur breytist. - Lýst náttúruferlum, sem hafa áhrif á land og gróður.
október - desember	Samskipti	Samskiptanámskeið – unnið með námsráðgjafa.	- Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
desember - janúar	Heimabyggðin mín	Fjölbreytt verkefni unnin um heimabyggð og nærumhverfi. Nemendur kynna sér náttúru, menningu, fyrirtæki og stofnanir á Seltjarnarnesi.	- Tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að veга og meta ólíka kosti. - Lýst einkennum plantna og dýra - Gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis.
febrúar - mars	Sagan í dag – sagan í gær	Stiklað á stóru í sögulegum atburðum. Litið við á víkingaöld. Farið í sögulegaviðburði nær nútímanum.	-Dregið upp mynd af afmörkuðum efnispáttum stórrar eða smárrar sögu -Gert grein fyrir hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.
apríl	Eðlisfræði í daglegu lífi	Auðvitað á ferð og flugi ásamt tilraunum	-Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni. -Lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum.
maí	Tilraunir og vísindi	Nemendur vinna ýmsar tilraunir með handleiðslu kennara. Horfum á tilraunir. Nemendur kynnast náttúruvísindum og vísindalegum vinnubrögðum.	-Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni. -Lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum.

Grunnþættir menntunar

Læsi:

Að nemendur öðlist þekkingu á menningarlausni, t.d. ákveðnum menningarverðmætum og sögulegum staðreyndum. Nemendur geti tjáð sig um verkefni sín og notað hugtök tengd viðfangsefninu.

Sköpun

Að nemendur vinni með skapandi verkefni og þeir fái tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og ímyndunarafli. Nemendur geti útfært fjölbreytt verkefni eftir eigin hugmyndum og nýtt tæknina á skapandi hátt.

Jafnrétti

Að nemendur fari eftir reglum og vinni með jafnrétti að leiðarljósi. Nemendur fái tækifæri til að vinna verkefni út frá eigin forsendum. Að nemendur vinni með öðrum og virði skoðanir annarra. Að nemendur temji sér gagnrýna hugsun og þeir fræðist um mismun og forréttindi fólks í víðum

Námsmat

Nemendur eru metnir jafnt og þétt yfir árið. Í byrjun hvers tímabils eru hæfniviðmið kynnt fyrir nemendum. Einstaklings-, hópa-, paravinna og ýmis verkefni verða lögð fyrir. Hæfniviðmiðin eru metin með táknum sem standa fyrir eftirfarandi: Frammúrskarandi - hæfni náð - á góðri leið - þarfnast þjálfunar - hæfni ekki náð. Eftir hvert tímabil eru einhver hæfniviðmið metin. Ýmist með verkefnum eða könnunum. Hæfniviðmið geta verið metin oft yfir árið. Lykilhæfni nemenda er metin út frá vinnuframlagi, verkefnum, framkomu og eljusemi.

Lokaeinkunn er gefin í A, B+ B, C+, C og D sem birtist inni á Mentor.

Hlutverk og vinnulag nemandans

Samskipti	Einkunnarorð skólans, virðing, ábyrgð og vellíðan eru höfð að leiðarljósi. Samskipti skulu einkennast af gagnkvæmri virðingu og tillitssemi
Mæting	Nemendur skulu mæta stundvíslega í kennslustund.
Virgni í tímum	Nemendur skulu taka þátt í þeim verkefnum sem þeim eru sett fyrir.
Heimavinna	Nemendur vinna þau verkefni sem sett eru fyrir heima. Getur einnig komið til vegna veikinda, leyfa, tónlistartíma og fleira.
Ábending um hjálpargögn fyrir nemendur	MMS.is , nams.is , kvistir.is, google maps. Google earth, youtube.
Stoðþjónusta nemenda	Stoðþjónusta nemenda er skipulögð hverju sinni í samráði við sérkennara ,þroskaþjálfara og stuðningsfulltrúa.
Skyldur nemenda	Nemendur skulu fara eftir bekkjarsáttmálum Unnið er að því að nemendur öðlist hæfni til að geta unnið sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn. Áhersla er á að nemendur leggi sig fram um að vera virkir þátttakendur í skólastarfinu og eiga jákvæð samskipti við aðra.

Skyldur kennara Kennarar skulu sýna nemendum gagnkvæma virðingu, aðstoða við úrlausn verkefna og mæta nemendum þar sem þeir eru staddir.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

Sel - Þemanám 5. bekkur

- **Hæfni á námssviði**

Sel - Þemanám 5. bekkur - Samfélagsgreinar

- Gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis.
- Gert grein fyrir hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.
- Lýst náttúruferlum, sem hafa áhrif á land og gróður.
- Dregið upp mynd af afmörkuðum efnispáttum stórrar eða smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar.
- Notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga.
- Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.

Sel - Þemanám 5. bekkur - Náttúrugreinar

- Lýst einkennum plantna og dýra
- Lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum.
- Útskýrt hvernig Ísland byggist upp, hvernig landslag þess og jarðvegur breytist.
- Tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að vega og meta ólíka kosti.
- Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni.

Sel - Þemanám 5. bekkur - Lykilhæfni

- Jafnan tekið tillit til annarra, verið virk/-ur í hópastarfi og lagt sitt af mörkum
- Nýtt tímann vel og lagt sig fram við námið
- Greint á milli staðreynda og skoðana og jafnan virt skoðanir annarra.

